

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Hlíðarendi – reitir G, H og I.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, 24. febrúar 2022, breytingu á deiliskipulagi Hlíðarenda vegna reita G, H og I. Í breytingunni felst að breyta lóðum G og H úr atvinnulóðum í íbúðarlóðir, breyta opnu svæði til bráðabirgða í íbúðarlóð, I, fjölga íbúðum og breyta bílastæðakröfum til samræmis við bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hólmsheiði/Fjárborg/Almannadalur.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, 28. apríl 2022, breytingu á deiliskipulagi hesthúsabyggðar á Hólmsheiði. Í breytingunni felast annars vegar breytingar á framtíðaráætlunum á svæðinu og hins vegar samræming skipulagsins að núverandi stöðu. Um er að ræða breytingar í þrettán liðum, auk fimm lagfæringa á uppdrætti til samræmis við núverandi stöðu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 2. júní 2022.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfudagur: 21. júní 2022